



ALMANNAVARNIR RÍKISINS

GP/LL/48

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps
Sigríður H. Elíasdóttir oddviti
Njarðarbraut 14

Tilvisun vor

420 SÚÐAVÍK

Tilvisun yðar

Reykjavík,

22. nóv. 1989

Hinn 17. nóvember 1989 staðfesti félagsmálaráðherra hættumat Almannavarna ríkisins fyrir Súðavík, vegna snjóflóða, en hættumatið sendist yður hér með ásamt greinargerð.

Í lögum nr. 28/1985 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum svo og í reglugerð útgefinni af félagsmálaráðherra 23. júní 1988 er skýrt kveðið á um hvernig farið skuli með hættumat það er hér liggur fyrir. Því er skorað á hreppsnefnd Súðavíkurhrepps að gera sem fyrst tillögur til Almannavarna ríkisins um varnir vegna þeirrar byggðar, sem nú er í hættu vegna snjóflóða á Súðavík, samkvæmt fyrirbyggjandi hættumati.

Almannavarnir ríkisins vænta þess að sveitarstjórn upplýsi almannavarnanefnd staðarins um málið og feli henni fulla þátttöku um allt er snertir varnir og viðbúnað vegna snjóflóða á Súðavík.


Guðjón Petersen

Hjál.: Greinargerð um hættumat v/snjóflóða
Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum
Reglur um hættumat vegna snjóflóða

HÆTTUMAT VEGNA SNJÓFLÓÐA FYRIR SÚÐAVÍK

GREINARGERÐ

Með vísun til laga nr. 28 1985 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglna um hættumat vegna snjóflóða frá 23. júní 1988 er með greinargerð þessari lagt fram hættumat vegna snjóflóða fyrir Súðavík.

Samkvæmt hættumatinu er afmarkað með rauðum lit, á landabréf í mælikvarðanum 1:5000, hættusvæði vegna snjóflóða og í grænum lit þau svæði þar sem mannvirkjagerð má fara fram án þess að taka þurfi tillit til snjóflóðahættu.

Eftirfarandi reglur fylgja hættumatinu:

1. Mannvirki má byggja á grænu svæði án þess að ráðstafanir séu gerðar vegna snjóflóða.
2. Mannvirki má því aðeins byggja á rauðu svæði að þau séu varin fyrir snjóflóðum. Við hönnun og útreikninga varnavirkja skal farið eftir reglum um hættumat vegna snjóflóða eða sýna á annan hátt fram á að varnavirki séu fullnægjandi.
3. Styrkur úr ofanflóðasjóði til varna vegna mannvirkis sem byggt er á rauðu svæði (þ.e. eftir að hættumat hefur farið fram), verður aðeins veittur ef sýnt er fram á að mannvirkið sé nauðsynlegt og að það komi ekki að tilætluðum notum sé það byggt á grænu svæði. Félagsmálaráðherra ákveður upphæð styrks að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins og getur hann samkvæmt lögum orðið allt að 80% af kostnaði við varnir mannvirkisins.
4. Heimilt er að reisa virki til varnar byggð, sem fyrir er á rauðu svæði, enda hafi hún verið reist áður en lög voru sett um varnir gegn ofanflóðum. Upphæð styrkja sé ákveðin á sama hátt og í lið 3.

FRAMKVÆMD HÆTTUMATSINS

Hinn 8. janúar 1986 ritaði sveitarstjóri Súðavíkurhrepps ofanflóðanefnd bréf, þar sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps sækir um að gert verði hættumat fyrir Súðavíkurkaupþún. Er í bréfi sveitarstjórans minnt á snjóflóð sem féllu ofan við kaupþúnið í janúar 1983, ollu skemmdum og náðu niður að íbúðarhúsum við Túngötu.

Erindi Súðavíkur var tekið fyrir á fundi ofanflóðanefndar 17. janúar 1986 og samþykkt að Súðavík verði nr. 3 til hættumats á eftir Siglufirði og Ísafirði, sem sótt höfðu um áður, en reglur um hættumat voru ekki tiltækar á þeim tíma.

Hinn 27. febrúar 1986 sendi Súðavíkurhreppur ofanflóðanefnd kostnaðaráætlun og tillögur að gerð varnarvirkja gegn snjóflóðum fyrir ofan byggðina, en ofanflóðanefnd óskaði eftir að fá gögn í hendur sem sýndu þá útreikninga, sem tillögurnar byggðust á. Voru gögnin send Almannaöllum ríkisins 24. maí 1986 og kom þar fram skriðlengd þeirra snjóflóða sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen reiknar með í hönnunartillögum sínum. Var erindinu synjað á grundvelli þess að ekkert formlegt hættumat lá fyrir á Súðavík.

Til undirbúnings að hættumatinu voru gerð ný kort af Súðavík í mælikvarðanum 1:5000, sem ná upp fyrir efstu fjallsbrúnir, út frá nýjustu fánlegum loftmyndum hjá Landmælingum ríkisins.

Sérstök könnun var gerð af Veðurstofu Íslands á snjóflóðasögu Súðavíkur, sem lögð var fram í skýrslu um "Athugun á snjóflóðahættu á Súðavík" eftir Hlyn Sigtryggsson og Óskar Knudsen í apríl 1988. Er í skýrslunni rakin saga snjóflóða sem féllu á eða við Súðavík einhvern tíma á árunum 1884-1892 og á árunum 1960, 1973, 1983, 1987 og 1988, en þau eru nokkuð vel staðfest.

Í undirbúningi að gerð hættumats fyrir hinar einstöku byggðir landsins var ákveðið að láta gera sérstakt reiknilíkan til að meta skriðlengd, hraða, dýpt, breidd og þrýsting snjóflóða við íslenskar aðstæður. Var Þorsteini Jóhannessyni, verkfræðingi á Siglufirði, falið að gera reiknilíkanið, sem hann skilaði í tölvutæku formi. Gerði Þorsteinn tilraunir með reiknilíkanið á þekktum snjóflóðum á Siglufirði, til samanburðar.

Eftir að reiknilíkanið var gert var kominn grunnur að reglum um hættumat og fól almannavernaráð Guðjóni Petersen framkvæmdastjóra, Helga Björnssyni jarðeðlisfræðingi og Þorsteini Jóhannessyni verkfræðingi að gera tillögur að reglum um hættumat, sem lagðar voru fyrir ofanflóðanefnd 25. apríl 1988. Voru reglurnar staðfestar af félagsmálaráðherra 23. júní 1988.

Hinn 11. ágúst 1988 var ákveðið að Súðavík skyldi fyrst byggða verða tekin til hættumats á grundvelli hinna nýju reglna. Var forgangsröðun þeirri sem getið er að framan breytt þar sem undirbúningsvinna að gerð hættumats var skemmra á veg komin í áðurnefndum byggðum.

Til að tryggja eins örugga niðurstöðu og unnt var, voru auk hins íslenska reiknilíkans notuð til samanburðar tvö erlend reiknilíkön, BLD og PCM.

Þau gögn sem notuð voru við gerð hættumatsins að öðru leyti voru:

Skýrsla Veðurstofu Íslands frá 1988 um athugun á snjóflóðahættu á Súðavík.

Snjóflóðakort í mælikvarðanum 1:5000.

Skipulagskort í mælikvarðanum 1:5000.

Loftmyndir teknar af Landmælingum Íslands 1984.

Aðalskipulag Súðavíkur fyrir 1987-2007.

Þeir sem unnu hættumatið fyrir Almannavarnir ríkisins fóru einnig í vettvangskönnun til Súðavíkur dagana 8. - 9. nóvember 1988 og áttu viðræður við oddvita Súðavíkurhrepps og þá einstaklinga sem gátu gefið upplýsingar um snjóflóð sem fallið hafa á síðustu árum og áratugum.

Við hættumatið voru reiknaðir 38 "sniðferlar" í Súðavíkurhlíð frá Sauratindi og út fyrir byggðina á Súðavík. Voru allir ferlarnir reiknaðir með reiknilíkani Þorsteins Jóhannessonar (THJ), en 24 ferlar voru einnig reiknaðir með svokölluðum BLD og PCM reiknilíkönunum, til samanburðar.

Frumniðurstöður hættumatsins voru lagðar fyrir ofanflóðanefnd á fundi hennar 9. desember 1988, þar sem nefndin lagði til hvernig hættumatslína í uppdrætti af Súðavík skyldi dregin. Voru endanlegar tillögur að hættumati síðan lagðar fram á fundi ofanflóðanefndar 3. febrúar 1989, eftir að snjóflóðadeild Veðurstofunnar hafði farið yfir þær.

Þar sem um er að ræða fyrsta hættumat fyrir byggð á Íslandi var síðan unnið að framsetningu þess m.t.t. kortagerðar og upplýsinga sem fram þurfa að koma með því og hættumatið síðan afgreitt frá ofanflóðanefnd til Almannavarna ríkisins sem tillögur nefndarinnar 10. júlí 1989.

Á fundi almannavarnaráðs miðvikudaginn 12. júlí 1989 var hættumatið samþykkt og ákveðið að Almannavarnir ríkisins vísuðu því til félagsmálaráðherra til staðfestingar.

NIÐURSTÖÐUR

Við Súðavík er hættusvæði vegna snjóflóða, en þó er stór hluti byggðarinnar utan þess. Það nær þó til sjávar á 250 m. strandlengju frá innri hafnargarðinum og inneftir, og lenda um 10 hús innan þess. Utan við innri hafnargarð fylgja hættumörkin lóðum húsa frá Traðargilslæk og um 450 m. úteftir, en þar fyrir utan eru 9 hús innan hættumarka, sem ná síðan til sjávar um 850-900 m. utan Traðargilslæks.

Að auki er fyrirhugað byggingarsvæði við Skólagötu og Engjaveg innan hættusvæðisins og því óheimilt að byggja við þær götur nema viðhlítandi snjóflóðavörnum verði komið fyrir.

Nauðsynlegt er að verja þá byggð sem fyrir er á hættusvæðinu og er það hlutverk hreppsnefndar Súðavíkurhrepps að gera tillögur til Almannavarna ríkisins, að varnarvirkjum fyrir byggingar á því. Meðan slíkum varnarvirkjum hefur ekki verið komið upp munu Almannavarnir ríkisins fara fram á að fólk verði brottflutt frá umræddum byggingum og umferð um hættusvæðið bönnuð, hvenær sem snjóflóðahætta skapast á Súðavík að mati sérfræðinga Veðurstofu Íslands og athugunarmanns með snjóflóðahættu á Súðavík, og fela almannavarnanefnd Súðavíkur framkvæmd þess samkvæmt skipulagi þar á.

Almannavörnum ríkisins
22. nóvember 1989

Guðjón Petersen